

Skilablað – Oddi – viðhald utanhúss

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna framkvæmda-verkefnis.

1 Upphaf verkefnis

Þann 9. janúar 2013 óskaði Háskóli Íslands eftir umsógn Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um útboðsgögn og kostnaðaráætlun vegna utanhússviðgerða á háskólabyggingunni Odda sem fyrirhugaðar voru sumarið 2013. Verkis hafði unnið útboðsgögnin og magnskrá.

Verkkaupi var Háskóli Íslands. Tengiliður verkkaupa var Ingólfur Aðalbjörnsson, byggingastjóri Háskóla Íslands.

Verkefnisstjóri hjá FSR var Guðbjartur Á. Ólafsson.

2 Verklýsing

Verkefnið fólst í utanhússviðgerðum á háskólabyggingunni Odda, húseign Háskóla Íslands við Suðurgötu 3 í Reykjavík. Hreinsa átti steypa fleti, endurnýja gluggapéttingar og endurmála vegg, glugga, hurðir og allt tréverk.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá FSR.

3 Verknúmer

Verkefnið fékk verknúmerið 502 1702 þann 23. janúar 2013.

4 Framvinda

FSR yfirfór útboðsgögnin og gerði athugasemdir við þau. Athugað var samræmi á milli verklýsingar og magnskrár. Ekki var tekin afstaða til hönnunarlausna. FSR yfirfór heildarkostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna sem byggði meðal annars á framkvæmdakostnaðaráætlun sem hönnuðir höfðu lagt fram.

Verkið var boðið út í örútboði innan ramma-samnings ríkisins um þjónustu verktaka í iðnaði í lok febrúar 2013. Aðilum samningsins í flokknum aðalverktakar var gefinn kostur á að taka þátt. Ríkiskaup óskaði eftir tilboðum í verkið. Ákveðið var að taka tilboði frá Ás-smíði ehf. 24. apríl 2013. Ljúka átti verkinu eigi síðar en 20. ágúst 2013. Verksamningur var undirritaður í maí 2013.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við verkefnið var 281.600 kr. sem fólst í umsýsni og ráðgjöf.

6 Niðurstaða verkefnis

Að lokinni undirritun verksamnings yfirtók verkkaupi uppgjör, umsýsni og eftirlit með verklegu framkvæmdinni.

7 Ákvörðun verkkaupa


Sjá lið númer 6.

8 Verklok

Verklok hvað FSR varðar voru í maí 2013.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.


Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri